

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 1234/2017 fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar.

1. gr.

Með breytingu þessari verður 15. gr. svohljóðandi:

15. gr.

Sorpirðugjöld.

Móttaka á sorpi ein ferð í Funa 9.757 kr.

Einnig skal greiða fyrir innvegið magn af sorpi samkvæmt gjaldskrá sorpmóttakanda.

- a. *Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafnar skal greiða 0,68 kr./brt gjald sem skal standa undir kostnaði vegna eftirlits og umsýslu vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald er 5.900 kr. og hámarksgjald 50.000 kr.
- b. *Úrgangsgjald:* Gjald sem er lagt á vegna a liðar má lækka ef skipstjóri getur sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð í skipinu, fast gjald 0,75 kr. á brt en þá er lágmarksgjald 5.900 kr. en hámarksgjald 50.000 kr.
- c. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á árinu greiða samkvæmt b-lið fyrir fimmtu komu og allar komur eftir það.
- d. Skip og bátar sem hafa varanlega viðlegu í höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fast mánaðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 5.900 kr. á mánuði.
- e. *Förgunargjald:* Við komu skips til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir kostnaði við förgun úrgangs sem skilað er í land.

Farþegaskip yfir 60 m að lengd skulu greiða 1,50 kr. á hverja brt tölu skipsins og miðast gjaldið við eftifarandi sorpmagn:

Farþegaskip undir 30.000 brt 5 m³

Farþegaskip frá 30.000 brt 10 m³

Farþegaskip yfir 100.000 brt 15 m³

Öll önnur skip skulu greiða 2,50 kr. á brt og þá miðast gjaldið við 5 m³ af sorpi.

- f. Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald samkvæmt e-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losun magns. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist á skrifstofu hafna Ísafjarðarbæjar innan tveggja sólarhringa frá brottför skips. Kjósi skipstjóri eða útgerðarmaður eftir þjónustu viðurkennds sorpmóttökuaðila þá greiðir hann allan kostnað þar að lútandi og skal skila til hafnarinnar útfylltu eyðublaði um magn og sundurliðun þess úrgangs sem skilað er í land. Misbrestur á þessu getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
- g. Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum sem hafa reglulega viðkomu í höfnum Ísafjarðarbæjar og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu Umhverfisstofnunar frá afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- h. *Förgunargjald:* Skip sem eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt c-lið 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 skulu eftir sem áður greiða fyrir losun og förgun sorps hvort sem óskað er eftir viðurkenndum móttökuaðila eða ekki.

Nr. 524

25. maí 2018

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á fundi hafnarstjórnar 16. janúar 2018 og í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 18. janúar 2018.

Ísafjarðarbæ, 18. janúar 2018.

Gísli H. Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. maí 2018